

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 98/75/EB

2003/EES/23/44

frá 1. október 1998

um uppfærslu á skrá yfir fyrirtæki sem falla undir tilskipun 90/547/EBE varðandi gegnumflutning á rafmagni um flutningskerfi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/547/EBE frá 29. október 1990 varðandi gegnumflutning á rafmagni um flutningskerfi ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/162/EB ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Háspennuflutningskerfin og fyrirtækin, sem bera ábyrgð á þeim í aðildarríkjunum og falla undir tilskipun 90/547/EBE, eru skráð í viðaukann við þá tilskipun.

Framkvæmdastjórnin skal uppfæra skrána að höfðu samráði við viðkomandi aðildarríki þegar nauðsyn ber til að því er varðar markmið tilskipunar 90/547/EBE, einkum með tilliti til a-liðar 1. mgr. 2. gr.

Samruni fyrirtækja og/eða stofnun sjálfstæðra félaga um flutningskerfi í Danmörku, Þýskalandi, Portúgal og Finnlandi sem og beiðni um að öðru háspennuflutningskerfi í Lúxemborg verði bætt við skrána kalla á uppfærslu hennar.

Að höfðu samráði við viðkomandi aðildarríki.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við þessa tilskipun kemur í stað viðaukans við tilskipun 90/547/EBE.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 28. febrúar 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 1. október 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Christos PAPOUTSIS

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 276, 13.10.1998, bls. 9, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2002 frá 25. júní 2002 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 49, 3.10.2002, bls. 23.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 313, 13. 11. 1990, bls. 30.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 107, 12. 5. 1995, bls. 53.

VIDAUKI

„VIDAUKI

Skrá yfir fyrirtæki og flutningskerfi sem falla undir þessa tilskipun

Land	Fyrirtæki/flutningskerfi
Belgía	CPTÉ — Société pour la coordination de la production et du transport d'énergie électrique
Danmörk	Eltra Elkraft
Þýskaland	Bayernwerk AG Berliner Kraft- und Licht (Bewag)-AG EnBW Transportnetze AG Hamburgische Electricitäts-Werke AG (HEW) PreussenElektra Aktiengesellschaft RWE Energie AG Vereinigte Elektrizitätswerke Westfalen AG (VEW) VEAG Vereinigte Energiewerke AG
Grikkland	Public Power Corporation (PPC)
Spánn	Red Eléctrica de España, SA
Frakkland	Électricité de France
Írland	Electricity Supply Board
Ítalía	Edison Edison Termoelettrica Enel
Lúxemborg	Cegedel Sotel
Holland	SEP
Austurríki	Österreichische Elektrizitätswirtschaft AG Tiroler Wasserkraftwerke AG Vorarlberger Kraftwerke AG Vorarlberger Illwerke AG
Portúgal	Rede Eléctrica Nacional SA (REN)
Finnland	Suomen Kantaverkko Oyj (Finnish Power Grid PLC)
Svíþjóð	Affärsverket svenska kraftnät
Breska konungsríkið	National Grid Company Scottish Power Scottish Hydro-Electric Northern Ireland Electricity“